

Lýsing á verkefninu sem sótt um styrk til

Í kjölfar þess að undirritaður, Össur Geirsson, var útnefndur heiðurslistamaður Kópavogsbæjar haustið 2024 kom upp sú hugmynd að haldnir yrðu opinberir stórtónleikar þar sem Skólahljómsveit Kópavogs flytti útsetningar ÖG á tónlist úr ýmsum áttum undir stjórn Össurar. Útsetningar sem undirritaður hefur gert fyrir SK eru um 300 talsins í fjölbreyttum tónlistarstílum. Efnisskráin er nú tilbúin og er bæði vegleg og glæsileg.

Sá hængur er á að ekkert hentugt tónleikahúsnæði er fyrir tónleika af þessu tagi innan Kópavogsbæjar; sveitin er svo margmenn að hún rúmast ekki á sviði Salarins.

Hentugasti og hátíðlegasti salurinn fyrir tónleika af þessu tagi er Norðurljós í Hörpu en salurinn rúmar hljómsveitina og hátt í 500 gesti. Norðurljós eru laus 16.mars nk. en sú dagsetning hentar hljómsveitinni og Össuri vel. Húsaleigan er með öllu um 500.000 krónur.

Hér með er sótt fyrir styrk frá menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar til að standa straum af þessari húsaleigu. Að auki er sótt um 300.000 króna styrk fyrir launum við útsetningar og tónleikaundirbúning. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af því að Össur hefur verið gerður að heiðurslistamanni Kópavogsbæjar en aðgangur að tónleikunum yrði ókeypis.

Undirritaður hefur rætt þessa hugmynd við Elísabetu Indru Ragnarsdóttur og hefur hún fengið góðan hljómgrunn þar á bæ. Rétt er að nefna að tónleikarnir yrðu kynntir á vegum MEKÓ og lögð yrði áhersla á það í kynningum að tónleikarnir séu styrktir af Kópavogsbæ.